

er því einu að kenna, að hún hefir af öllum mætti bannað og hindrað frjálsa hugsun, notkun innra ljóssins, innan heilbrigðar skynsemi, neyting heimspeki og vínsinda, en þetta til saðans er það eitt, er leitt oss fær til sannleikans, og annað ekki.

Lesarinn.

EFTIR
MAXIM GORKI.

(Niðurlag.)

Hvað var nú orðið af sálarrósemد minni, sem vafði sig í ylrikum árgeislum viðmótsblíðra bláheiðisdaga. Nú var hún hulin þokuslæðum undarlegrar eftirvæntingar. Eitthvað stórt og ægilegt grunaði mig, að nú myndi ske—eitthvað sem yrði til þess að kollvarpa fögnuði frægðar minnar og öllum draumunum og öllum vonunum, sem vaknað höfðu í minni sál.

„Þú getur ei vísað til vegar,

Ef veistu ei hvar brautin er lögð“.

Þegar eg ætlaði að rifja upp sönginn, sem maður þessi var að blístra, varð mér litið aftur og sá eg þá hvar undramaðurinn sat með hönd undir kinn, horfandi í áttina til mínn. Tunglið skein í andlit honum og sá eg glögt framan í hann. Eg sneri til baka eins og dreginn af einhverjum kynjakrafti og dembdi mér niður við hlið hans og sagði nú með vinalegum rómi: „Jæja þá, tölum nú eins og sæmdarmönum sæmir“.

„Það er öllum ómissandi“, mælti hann og kastaði til höfðinu um leið.

„Mér finst þú hafir eitthvert vald yfir mér og eitthvað mikilsvarðandi á huga að segja mér“.

„Þú hefir þá loksns þrek til að hlusta á það“, kvað hann og hló við, en nú var hláturinn breyttur og búinn gleðiblá.

„Byrjaðu þá“, sagði eg, „en talaðu ekki svona undarlega“.